

Bæjarstjóri, ágætu bæjarfulltrúar og aðrir gestir.

Ég heiti Elsa María Einarsdóttir og er hér fyrir hönd félagsmiðstöðvarinnar Arnardals. Við í ungmennaráði Akraness héldum málþing 1.nóvember síðastliðinn þar sem við ræddum við 7-10 bekk um ýmislegt svo sem heilsueflingu, skólakerfið, frístundamál, umhverfismál og fleira. Börn og ungmenni í dag hafa miklar skoðanir og vilja kynna sér mál bæjarins og hafa áhrif.

Á málþinginu vorum við meðal annars spurð að því hvað okkur langar að læra í Vinnuskólanum. Nú ætla ég að kynna fyrir ykkur helstu niðurstöður málþingsins varðandi vinnuskóla, svo að þeir sem stjórna fái að heyra hvað unga fólkinu finnst um þann ágæta skóla. Vinnuskólinn hefur verið fyrir krakka í 8. bekk til 1 árs í fjölbraut, mis langur tími og laun fyrir hvern árgang. Vinnan hefur verið aðallega garðvinna til dæmis að slá með slátturvél eða orfi og raka og fannst mörgum dagarnir langir og tilbreytingarlausir, sérstaklega leiðinlegt þegar það eru rigningarsumur. Flestir hafa ekki áhuga á að mæta aftur næsta sumar en gera það samt því það er lítið annað í boði fyrir þennan aldur. Einnig hafa krakkar sem æfa fótbolta fengið val um að þjálfa yngri flokkana í staðinn og nokkrir fengið að fara á leikskóla í einhvern tíma.

Helstu hugmyndir af breytingum voru að ef það á að kalla þetta vinnuskóla, ættum við að læra eitthvað fjölbreyttara en garðyrkjustörf. Margir komu með hugmyndir að læra eitthvað tengt peningamálum svo sem hvernig reiknar maður út launin, skatt og fleira, svo maður geti til dæmis lesið úr launaseðlum. Einnig var áhugi fyrir að læra að smíða, mála og fleiri hluti sem nýtast manni í framtíðinni.

Hugmynd að breyttu fyrirkomulagi vinnuskólans gæti verið að nokkur fyrirtæki og stofnanir í bænum tækju þátt í starfsemi vinnuskólans.

Krakkar í 8. bekk gætu unnið í garðvinnu eins og er núna, ekkert að því að vinna garðyrkju eitt sumar, þá er mikilvægt að kenna þeim að vinna fjölbreyttari störf.

Í 9. bekk gætu verið tvær vikur í garðyrkjuvinnu og hinar tvær vikurnar væru starfskynning í stofnanir í bænum og önnur fyrirtæki. Það myndi virka þannig að krökkunum væri skipt í nokkra hópa sem stofnanir og fyrirtæki tækju á móti í kannski 3 daga í senn. Síðan myndu þau skipta yfir á nýjan stað. Þá fengju krakkarnir að kynna sér og upplifa hvernig er að vinna fyrir ýmsar stofnanir og fyrirtæki bæjarins.

Í 10. bekk væri hægt að skipta vinnutímanum sem eru 6 vikur í 3 og 3 vikur þar sem krakkarnir færu á tvo mismunandi vinnustaði yfir sumarið til að hjálpa til með störfum. Þarna gætu nemendur komið með óskir um hjá hvaða fyrirtækjum þeim langar helst að prufa vinna.

Þetta er það helsta sem kom út úr málþinginu og hugmynd að breyttu fyrirkomulagi vinnuskólans.

Takk fyrir.